

# 94. stjórnarfundur Bergrisans bs.

15.6.2026

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 10:00.

**Fundinn sátu:** Bragi Bjarnason, Eggert Valur Guðmundsson, Elliði Vignisson, Ása Valdís Árnadóttir og Sandra Sigurðardóttir.

Frá Bergrisanum voru Bjarki R. Kristjánsson og Íris Ellertsdóttir.

Gestur fundarins undir fyrsta lið er Haraldur L. Haraldsson frá HLH ráðgjöf.

## Dagskrá

### 1. Sólheimar

Haraldur L. Haraldsson frá HLH ráðgjöf kom og kynnti drög að verklýsingu og viljayfirlýsingu vegna úttektar á rekstri Sólheima. Meginforsendur fyrir úttektinni eru að meta kostnaðargrunn Sólheima við þjónustu við fatlað fólk á svæðinu skv. lögum, því skv. þjónustusamningi Bergrisans og Sólheima skulu framlög ekki vera hærri en kostnaður verksala að frádregnum tekjum af atvinnustarfsemi. Jafnframt að skoða skuli sérstöðu og hugmyndafræði Sólheima með hliðsjón af lögum og reglum og að lokum að nýta niðurstöður úttektar sem grundvöll að breytingu á þjónustusamningi milli aðila.

Stjórn Bergrisans samþykkir tillögur Haraldar að verklýsingu og viljayfirlýsingu með eftirfarandi breytingum:

- Að tekin sé út skoðun á fjölgun íbúa á Sólheimum
- Að upphæðir greiðslna komi fram eða fylgi með sem fylgiskjal
- Að skoðað verði hvort Sólheimar reka innviði fyrir íbúa sem almennt eru hluti af rekstri sveitarfélaga aðra en þjónustu við fatlað fólk og ef svo þá hvaða.

Sandra vísar af fundi kl. 11.

### 2. Fundargerð þjónusturáðs

Verkefnastjóri kynnir fundargerð þjónusturáðs númer 200. Eftirfarandi er lagt fram til frekari umræðu:

#### 1.a. Reglur um stuðningsfjölskyldur (mál nr. 3-200)

Reglur um stuðningsfjölskyldur uppfærðar miðað við tilmæli GEV.

### 1.b. Umsögn um drög að reglugerð um málsmeðferð vegna ákvörðunar um vistun barna með fjölþættar stuðningsþarfir (mál nr. 4-200)

Lögð var fram umsögn Bergrisans bs. um drög að reglugerð um málsmeðferð vegna ákvörðunar um vistun barna með fjölþættar stuðningsþarfir. Í umsögninni eru gerðar verulegar athugasemdir við reglugerðardrögin, einkum að skilgreining á þeim hópi barna sem reglugerðin tekur til sé þrengd frá því sem kveðið er á um í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga frá 19. mars 2025. Drögin endurspegla ekki samkomulagið og getur það leitt til þess að börn sem hingað til hafa fallið undir viðurkennda skilgreiningu barna með fjölþættan vanda, þar á meðal fötluð börn, falli utan gildissviðs reglugerðarinnar óháð þjónustupörf.

Stjórn staðfestir umsögnina f.h. Bergrisans og felur verkefnastjóra að fylgja málinu eftir.

Stjórn staðfestir fundargerð þjónusturáðs að öðru leyti.

Elliði vikur af fundi kl. 11:10.

### 3. Búsetukjarni Dalsbakka

Aðaluppdrættir vegna nýs búsetukjarna við Dalsbakka á Hvolsvelli eru lagðir fram til kynningar. Jarðvinna er að hefjast, áætlað er að reisa húsið í september og afhenda það fullbúið vorið 2027.

### 4. Aukaaðalfundur Bergrisans 2026

Aukaaðalfundur Bergrisans verður haldinn í dag, 15. júní 2026, kl. 13:00 á Teams. Dagskrá er eftirfarandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skipun þriggja aðila í kjörbréfanefnd
3. Kynning á Bergrisanum
4. Lögmati fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörbréfanefndar
5. Kosning stjórnar
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins (ef einhverjar eru)
7. Önnur mál

Farið var yfir helstu málefni er snúa að aðalfundinum.

### 5. Breyting á stjórn

Þessi fundur var síðasti stjórnarfundur Ásu Valdísar og Söndru. Stjórn og starfsfólk Bergrisans þakkar Ásu og Söndru kærlega fyrir þeirra framlag til Bergrisans og óskar þeim velfarnaðar í næstu verkefnum.

### 6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 11:35.

# Undirritunarsíða

Ása Valdís Árnadóttir

Elliði Vignisson

Sandra Sigurðardóttir

Bragi Bjarnason

Eggert Valur Guðmundsson